

Berklasýking

Lyfjameðferð við virku smiti

Tilgangur þessa fræðsluefnis er að upplýsa sjúklinga með virkt berklasmit um hvaða lyf þarf að taka, aukaverkanir þeirra og hvernig á að taka þau inn.

Pegar virk berklasýking greinist þarf að nota sýklalyf til að lækna hana. Sýklalyfin drepa bakteríuna sem veldur berklum.

Kostnaður

Allir sem fá berkla verða samkvæmt íslenskum lögum að fá meðferð. Meðferð og eftirlit vegna berklasmits er ókeypis.

Tímalengd meðferðar

Oftast tekur meðferðin sex til níu mánuði. Fyrstu átta vikurnar þarf yfirleitt að taka fjórar tegundir sýklalyfja um munn. Eftir það eru teknar tvær tegundir sýklalyfja (sjá töflu). Taka þarf B6 vítamín (pyridoxin) með berklalyfjunum allan tímann til að forðast aukaverkanir. Skammtar lyfja fara eftir þyngd sjúklings.

Tímalengd	Tegundir lyfja	Tilgangur
Fyrstu tvo mánuðina	Fjórar tegundir sýklalyfja	Drepa berklabakteríu
Næstu 4-7 mánuðina	Tvær tegundir sýklalyfja	Drepa berklabakteríu
Allan tímann	B6 vítamín	Forðast aukaverkanir

Eftirlit með meðferð

Hjúkrunarfræðingar og læknar á göngudeild smitsjúkdóma A3 á Landspítala í Fossvogi sjá um eftirlit. Mæta þarf einu sinni í viku fyrstu fjórar vikurnar en síðan líður lengra á milli. Sumir þurfa meira eftirlit og stuðning með tíðari komum.

Á göngudeild fer eftirtalið fram:

- Viðtöl við hjúkrunarfræðing og stundum við lækni
- Blóðsýni tekin reglulega til að fylgjast með starfsemi lifrar og öðrum gildum í blóði
- Lyf afhent sem búið er að skammta í lyfjabox (sjá mynd 1)
- Röntgenmyndir og hrákasýni tekin reglulega hjá þeim sem eru með lungnaberkla
- Litasjónpróf eru gerð öðru hvoru



Mynd 1. Lyf skömmtuð í lyfjabox

Inntaka lyfja

Taka þarf töflurnar einu sinni á dag, annað hvort einni klukkustund fyrir eða tveimur klukkustundum eftir máltíð til að lyfin virki sem best. Drekkja þarf eitt glas af vatni með töflunum.



Athugaðu að:

- Taka lyfin alltaf á sama tíma á hverjum degi
- Taka alltaf öll lyfin eins og læknir hefur ráðlagt
- Drekkja ekki áfengi meðan á meðferð stendur, því það getur skaðað lifrina
- Hætta aldrei að taka lyf án þess að ræða við lækni fyrst

Nauðsynlegt er að taka lyfin samkvæmt ráðleggingum og ljúka allri meðferðinni til að ná að drepa berklana og til að lyfin hætti ekki að virka á þá.

Upplýsingar um lyf og aukaverkanir þeirra

Hér að neðan er listi yfir algengustu lyfin sem notuð eru og aukaverkanir þeirra. Oftast gengur lyfjameðferð vel og ekki allir finna fyrir aukaverkunum. Stærðir skammta og fjöldi af töflum sem þarf að taka eru mismunandi eftir líkamsþyngd.

Lyf og tímalengd	Útlit og styrkleiki	Aukaverkanir	Sérstök varúð
Rifampicin Notað allan tíma meðferðar	Rauð hylki. Hylkin eru 150 eða 300 mg 	- Rauðleitur litur á þvagi, hægðum, tárur og svita - Föt og rúmföt geta litast rauð vegna svita - Augnlinsur geta orðið rauðleitar og mislitar. Því er ekki mælt með að nota linsur á meðan á meðferð stendur	- Ekki má taka lyfið á meðgöngu eða hafa barn á brjósti nema í samráði við lækni - Nota þarf örugga getnaðarvörn meðan lyfið er tekið og í einn mánuð eftir að töku þess er hætt - Ekki má nota pilluna eða aðrar hormónagetnaðarvarnir því lyfið dregur úr virkni þeirra
Isoniazide Notað allan tíma meðferðar	Lítill, hringlaga, flöt og hvít pillla. Taflan er 300 mg 	- Dofi í höndum og fótum, taugabólga í útlimum sem lýsir sér sem brunatilfinning eða náladofi - Truflun á starfsemi lifrar	Til að draga úr líkum á aukaverkunum þarf alltaf að taka tvær töflur af B6 vítamíni (pyridoxin) sem hver er 20 mg
Pyrazinamide Yfirleitt notað fyrstu átta vikur meðferðar	Stór, flöt og hvít tafla. Hver tafla er 500 mg 	Getur haft áhrif á starfsemi lifrar	
Etambutol Yfirleitt notað fyrstu átta vikur meðferðar	Hvít tafla með kúptu yfirborði. Hver tafla er 400 mg 	Getur haft áhrif á sjón og þá helst litasjón. Sjón er því metin reglulega í eftirliti	Ef sjón breytist er hætt að taka lyfið og haft samband við hjúkrunarfræðing á göngudeild smitsjúkdóma
Pyridoxin (B6) Notað allan tímann	Lítill hvít, flöt tafla með striki í miðju. Hver tafla er 20 mg 	Ekki þekktar	

Hafa þarf samband við hjúkrunarfræðinga á göngudeild smitsjúkdóma ef aukaverkana verður vart.

Sími göngudeildar smitsjúkdóma er 543 6040. Velkomið er að hringja ef þarf að spyrja að einhverju sem varðar meðferðina.

[illegible]

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÁBYRGÐARMENN:
DEILDARSTJÓRI OG YFIRLÆKNIR
GÖNGUDEILDAR SMITSJÚKDÓMA

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA